

Reglur um úthlutun menningarstyrkja Múlaþings

Hlutverk

1.gr.

Byggðaráð Múlaþings auglýsir til menningarstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Múlaþings.

Styrkúthlutanir

2.gr.

Múlaþing veitir menningarstyrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða verkefna. Byggðaráð getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Styrkupp hæð getur aldrei numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Verkefnastykir

3.gr.

Sótt skal um styrki til menningarverkefna á þar til gerðu eyðublaði þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

- lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Ekki er styrkt til náms, reksturs eða viðhalds á húsnæði.

Verkefnastykir verða að þessu sinni auglýstir til umsóknar í desember, með þriggja vikna umsóknarfresti, til úthlutunar á næsta ári. Afgreiðsla Múlaþings skal liggja fyrir í lok janúar 2021.

Í einstaka tilvikum getur sveitarfélagið gert langtíma samninga við einstaklinga, menningarstofnanir, félög og listahópa sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi í Múlaþingi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns.

Múlaþing



Skyndistyrkir 4.gr.

Hægt er að sækja um styrki eftir að hefðbundinni árlegri afgreiðslu styrkja lýkur, sbr. greinar 3. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í aðdraganda almennrar styrkjaúthlutunar í upphafi árs. Styrkbeiðnir utan hefðbundins styrkjaferils eru afgreiddir svo fljótt sem auðið er. Sótt skal um skyndistyrki til atvinnu – og menningarmálastjóra þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

- lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Mat á umsóknum 5.gr.

Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Múlaþingi og hvernig fjármunirnir nýtast í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt og hversu raunhæft verkefnið er í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Að umsókn fylgi ársreikningur eða fjárhagsyfirlit fyrir síðasta starfsár og fjárhagsáætlun fyrir það næsta (eftir því sem við á).

Byggðaráð Múlaþings áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Múlaþingi með búsetu, eða með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi á Múlaþingi.

Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar. Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Múlaþings koma fram.

Múlaþing

